

## TILSKIPUN RÁÐSINS 94/45/EB

### um stofnun evrópsks samstarfsráðs eða samþykkt reglna í fyrirtækjum og fyrirtækjahópum er starfa á bandalagsvísu varðandi upplýsingamiðlun og samráð við starfsmenn(\*)

#### RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af samningi um félagsmálastefnu sem fylgir með bókun 14 um félagsmálastefnu er fylgir með stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 2. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(2)</sup>,

í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 189. gr. c í sáttmálanum <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Á grundvelli bókunar um félagsmálastefnu sem fylgir með stofnsáttmála Evrópubandalagsins hafa Konungsríkið Belgía, Konungsríkið Danmörk, Sambandslýðveldið Þýskaland, Lýðveldið Grikkland, Konungsríkið Spánn, Lýðveldið Frakkland, Írland, Lýðveldið Ítalía, Stórhertogadæmið Lúxemborg, Konungsríkið Holland og Lýðveldið Portúgal (hér á eftir nefnd „aðildarríkin“), sem vilja leggja sitt af mörkum til að hrinda ákvæðum félagsmálasáttmálans frá 1989 í framkvæmd, samþykkt samning um félagsmálastefnu.

Ráðinu er heimilt samkvæmt 2. mgr. 2. gr. samningsins að kveða á um lágmarkskröfur með tilskipunum.

Eitt af markmiðum bandalagsins og aðildarríkjanna samkvæmt 1. gr. samningsins er að stuðla að skoðanaskiptum milli vinnuveitenda og launþega.

Í 17. lið stofnskrár bandalagsins um félagsleg grundvallarréttindi launþega er meðal annars kveðið á um miðlun upplýsinga til, samráð við og þátttöku launþega skuli þróa með viðeigandi hætti þar sem tekið er mið af ríkjandi venju í hverju aðildarríki um sig. Í sáttmálanum segir: „Þetta skal einkum gilda um fyrirtæki eða fyrirtækjahópa sem hafa starfsstöðvar eða fyrirtæki í tveimur aðildarríkjum eða fleiri“.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttfö. EB nr. L 254, 30. 9. 1994, bls. 64, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 55/95 frá 22. júní 1995 um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

<sup>(1)</sup> Stjttfö. EB nr. C 135, 18. 5. 1994, bls. 8 og Stjttfö. EB nr. C 199, 21. 7. 1994, bls. 10.

<sup>(2)</sup> Álit var skilað 1. júní 1994 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

<sup>(3)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 4. maí 1994 (Stjttfö. EB nr. C 205, 25. 7. 1994) og sameiginleg afstaða ráðsins frá 18. júlí 1994 (Stjttfö. EB nr. C 244, 31. 8. 1994, bls. 37).

Þrátt fyrir breiða samstöðu meðal meirihluta aðildarríkjanna tókst ráðinu ekki að afgreiða tillögu að tilskipun um stofnun evrópsks samstarfsráðs eða samþykkt reglna í fyrirtækjum og fyrirtækjahópum er starfa á bandalagsvísu varðandi upplýsingamiðlun og samráð við starfsmenn <sup>(4)</sup>, eins og henni var breytt 3. desember 1991 <sup>(5)</sup>.

Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. í samningi um félagsmálastefnu hefur framkvæmdastjórnin haft samráð við vinnuveitendur og launþega víðsvegar í bandalaginu um hvert stefna beri með aðgerðum bandalagsins sem miða að því að upplýsa og eiga samráð við starfsmenn í fyrirtækjum og fyrirtækjahópum er starfa á bandalagsvísu.

Framkvæmdastjórnin álitur, að loknu þessu samráði, að rétt sé að leggja fram áætlun bandalagsins og hefur haft samráð við vinnuveitendur og launþega á ný um efni fyrirhugaðrar tillögu, samkvæmt 3. mgr. 3. gr. samningsins, og hafa vinnuveitendur og launþegar skilað álitu sínu til framkvæmdastjórnarinnar.

Vinnuveitendur og launþegar hafa að ekki loknu öðru þrepi samráðsins látið í ljós vilja sinn við framkvæmdastjórnina um að hefja þá vinnu er leitt gæti til samkomulags eins og kveðið er á um í 4. gr. samningsins.

Starfsemi innri markaðarins felur í sér samfylkingu fyrirtækja, samruna sem nær yfir landamæri, yfirtöku, sameiginleg verkefni og þar af leiðandi fyrirtæki og fyrirtækjahópa sem starfa í fleiri aðildarríkjum. Eigi greinar efnahagslífsins að þróast á samræmdan hátt verða fyrirtæki og fyrirtækjahópar sem starfa í tveimur aðildarríkjum eða fleiri að upplýsa og hafa samráð við fulltrúa þeirra starfsmanna sem ákvarðanir þeirra hafa áhrif á.

Reglur um upplýsingamiðlun og samráð við starfsmenn taka eins og þær birtast í löggjöf aðildarríkjanna eða venjum ekki alltaf mið af því að starfsemi fyrirtækis eða fyrirtækjahóps nær til fleiri landa og að þar eru teknar ákvarðanir er hafa áhrif á þessa starfsmenn. Þetta getur leitt til þess að starfsmönnum, sem ákvarðanir eins og sama fyrirtækis eða fyrirtækjahóps varða, sé mismunað.

<sup>(4)</sup> Stjttfö. EB nr. C 39, 15. 2. 1991, bls. 10.

<sup>(5)</sup> Stjttfö. EB nr. C 336, 31. 12. 1991, bls. 11.

Samþykkinga verður viðeigandi ákvæði til að tryggja að starfsmenn fyrirtækja er starfa á bandalagsvísu fái fullnægjandi upplýsingar og að haft sé samráð við þá þegar ákvarðanir sem hafa áhrif á þá eru teknar í öðru aðildarríki en starfsríkinu.

Til að tryggja að starfsmenn fyrirtækja eða fyrirtækjahópa er starfa í tveimur aðildarríkjum eða fleiri fái fullnægjandi upplýsingar og að haft sé samráð við þá er nauðsynlegt að stofna evrópsk samstarfsráð eða samþykkinga aðrar viðeigandi leiðir til að miðla upplýsingum og efna til samráðs við starfsmenn fleiri landa.

Því er nauðsynlegt að skilgreina hugtakið ráðandi fyrirtæki, sem nær aðeins til þessarar tilskipunar, án þess að fyrirfram sé lagt mat á skilgreiningar á hugtökunum hópur eða yfirráð í textum sem verða samdir síðar.

Aðferðir við upplýsingamiðlun og samráð við starfsmenn slíkra fyrirtækja eða hópa skulu gilda í öllum starfsstöðvum eða, ef við á, fyrirtækjum hópsins sem staðsett eru í aðildarríkjunum, óháð því hvort fyrirtækið eða ráðandi fyrirtæki, ef um hóp er að ræða, hefur aðalstöðvar sínar innan eða utan aðildarríkjanna.

Í samræmi við meginregluna um sjálfræði aðila skulu fulltrúar starfsmanna og stjórn fyrirtækis eða stjórn ráðandi fyrirtækis hópsins semja um eðli, skipan, hlutverk, rekstrarlag, starfsreglur og fjárhagslegan grundvöll evrópskra samstarfsráða eða aðrar reglur um upplýsingamiðlun og samráð sem henta þeim.

Í samræmi við dreifræðisregluna skulu aðildarríkin ákveða hverjir skulu vera fulltrúar starfsmanna og sjá til þess, ef ástæða þykir til, að jafnræðis sé gætt varðandi fulltrúafjölda mismunandi starfsmannahópa.

Þó skal setja ákvæði um að tiltekna dreifræðiskröfur skuli gilda ef aðilar ákveða slíkt eða neiti aðalstjórnin að hefja viðræður eða leiði viðræðurnar ekki til samkomulags.

Enn fremur geta fulltrúar starfsmanna ákveðið að sækjast ekki eftir því að stofna evrópskt samstarfsráð eða hlutaðeigandi aðilar ákveðið aðrar reglur um upplýsingamiðlun og samráð við starfsmenn í fleiri löndum.

Með fyrirvara um þann möguleika að aðilar ákveði annað skal, til að fullnægja markmiðum þessarar tilskipunar, upplýsa og hafa samráð við evrópska samstarfsráðið, sem er stofnað ef samkomulag hefur ekki náðst milli aðila um starfsemi fyrirtækis eða fyrirtækjahóps, svo að það geti metið áhrif á hagsmuni starfsmanna í að minnsta kosti tveimur aðildarríkjum. Í því skyni verður fyrirtækið eða ráðandi fyrirtæki að veita tilnefndum fulltrúum starfsmanna almennar upplýsingar um það er varðar hagsmuni starfsmanna og upplýsingar er lúta sérstaklega að þeim þætti starfsemi fyrirtækis eða fyrirtækjahóps er hefur áhrif á hagsmuni starfsmanna. Evrópska samstarfsráðinu verður að vera unnt að leggja fram álit í lok þess fundar.

Veita verður upplýsingar og hafa samráð við tilnefnda fulltrúa starfsmanna sem fyrst um tiltekna ákvarðanir er hafa umtalsverð áhrif á hagsmuni starfsmanna.

Setja ætti ákvæði um að fulltrúar starfsmanna er starfa samkvæmt ákvæðum tilskipunarinnar skuli við störf sín njóta sömu verndar og trygginga og slíkir fulltrúar njóta samkvæmt löggjöf og/eða venju í starfslandinu. Óheimilt er að beita þá misrétti vegna löglegrar starfa þeirra og þeir skulu njóta viðunandi verndar gagnvart uppsögnum og öðrum refsiaðgerðum.

Ef fyrirtæki eða ráðandi fyrirtæki hóps hefur aðalstjórn utan yfirráðasvæðis aðildarríkjanna skal fulltrúi þess á yfirráðasvæði aðildarríkjanna sem er tilnefndur í þessu skyni eða, ef slíkur fulltrúi er ekki fyrir hendi, starfsstöð eða ráðandi fyrirtæki sem hefur flesta starfsmenn í aðildarríkjunum hrinda ákvæðum um upplýsingamiðlun og samráð sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun í framkvæmd.

Þau fyrirtæki og fyrirtækjahópar er starfa á bandalagsvísu þar sem samkomulag sem nær til alls vinnuafslins er til staðar, þegar þessi tilskipun öðlast gildi, og veita upplýsingar og hafa samráð við starfsmenn fleiri landa skulu njóta sérstakrar meðferðar.

Aðildarríkin verða að gera viðeigandi ráðstafanir ef ekki er staðið við þær skuldbindingar sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

## SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

### I. ÞÁTTUR

#### ALMENN ÁKVÆÐI

##### 1. gr.

##### Markmið

1. Markmiðið með þessari tilskipun er að bæta rétt starfsmanna til upplýsinga og samráðs í fyrirtækjum og fyrirtækjahópum er starfa á bandalagsvísu.
2. Í því skyni skal stofna evrópskt samstarfsráð eða setja reglur í hverju fyrirtæki og hverjum fyrirtækjahópi er starfar á bandalagsvísu varðandi upplýsingamiðlun og samráð við starfsmenn, þegar farið er fram á það með þeim hætti sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 5. gr., með það í huga að veita starfsmönnum upplýsingar og hafa við þá samráð með þeim skilmálum, hætti og áhrifum sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.
3. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. skal stofna evrópskt samstarfsráð innan fyrirtækjahóps í skilningi c-liðar 1. mgr. 2. gr. er samanstendur af einu eða fleiri fyrirtækjum eða fyrirtækjahópum er starfa á bandalagsvísu í skilningi a- eða c-liðar 1. mgr. 2. gr., nema kveðið sé á um annað í samkomulagi sem vísað er til 6. gr.
4. Nema kveðið sé á um víðara gildissvið í samkomulagi sem um getur í 6. gr. skal valdsvið evrópskra samstarfsráða og umfang

reglna um upplýsingamiðlun og samráð sem settar eru til að ná fram þeim markmiðum sem tilgreind eru í 1. mgr., að því er varðar fyrirtæki er starfar á bandalagsvísu, ná til allra starfsstöðva sem staðsettar eru í aðildarríkjunum og, að því er varðar fyrirtækjahóp er starfar á bandalagsvísu, til allra fyrirtækja hópsins með aðsetur í aðildarríkjunum.

5. Aðildarríkin geta kveðið á um að tilskipun þessi taki ekki til áhafna á farskipum.

## 2. gr.

### Skilgreiningar

1. Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „fyrirtæki er starfar á bandalagsvísu“: fyrirtæki með minnst 1 000 starfsmenn í aðildarríkjunum og minnst 150 starfsmenn í minnst tveimur aðildarríkjum hvoru um sig;
- b) „fyrirtækjahópur“: ráðandi fyrirtæki og undirfyrirtæki þess;
- c) „fyrirtækjahópur er starfar á bandalagsvísu“: fyrirtækjahópur sem uppfyllir eftirfarandi skilyrði:
  - hefur minnst 1 000 starfsmenn í aðildarríkjunum,
  - samanstendur af minnst tveimur fyrirtækjum í mismunandi aðildarríkjunum, og
  - samanstendur af minnst einu fyrirtæki með minnst 150 starfsmenn í einu aðildarríki og minnst einu öðru fyrirtæki með minnst 150 starfsmenn í öðru aðildarríki;
- d) „fulltrúar starfsmanna“: fulltrúar starfsmanna sem kveðið er á um í landslögum og/eða venju;
- e) „aðalstjórn“: aðalstjórn fyrirtækis er starfar á bandalagsvísu eða ráðandi fyrirtækis ef um er að ræða fyrirtækjahóp er starfar á bandalagsvísu;
- f) „samráð“: skoðanaskipti og viðræður milli fulltrúa starfsmanna og aðalstjórnar eða stjórnenda á öðru stjórnunarstigi sem á betur við;
- g) „evrópskt samstarfsráð“: ráð sem er stofnuð í samræmi við 2. mgr. 1. gr. eða ákvæði viðaukans með það í huga að upplýsa og hafa samráð við starfsmenn;
- h) „sérstakt samningaráð“: ráð sem er stofnað í samræmi við 2. mgr. 5. gr. til að semja við aðalstjórnina um stofnun evrópsks samstarfsráðs eða samþykkt reglna um upplýsingamiðlun og samráð við starfsmenn í samræmi við 2. mgr. 1. gr.

2. Í þessari tilskipun skulu kröfur um fjölda starfsmanna grundvallaðar á meðalfjölda starfsmanna, að meðtöldum starfsmönnum í hlutastörfum sem hafa starfað í tvö næstliðin ár, reiknað samkvæmt landslögum og/eða venju.

## 3. gr.

### Skilgreining á hugtakinu „ráðandi fyrirtæki“

1. Í þessari tilskipun merkir hugtakið „ráðandi fyrirtæki“ fyrirtæki sem nýtur yfirburðastöðu gagnvart öðru fyrirtæki („undirfyrirtæki“) t.d. í krafti eignarréttar, hlutafjáreignar eða stjórnunarreglna.

2. Fyrirtæki er í ráðandi aðstöðu, nema fram komi sannanir um annað, gagnvart öðru fyrirtæki þegar það beint eða óbeint:

- a) á meirihluta skráðs hlutafjár í hlutaðeigandi fyrirtæki; eða
- b) ræður yfir meirihluta atkvæða vegna hlutafjáreignar í fyrirtækinu; eða
- c) hefur rétt til að tilnefna yfir helming fulltrúa í stjórn fyrirtækisins eða meirihluta þeirra sem hafa umsjón eða eftirlit fyrirtækisins með höndum.

3. Að því er 2. mgr. varðar felst í rétti ráðandi fyrirtækis varðandi kjör og tilnefningu jafnframt réttur annars undirfyrirtækis og einstaklings eða aðila sem kemur fram í eigin nafni eða nafni fyrirtækisins en fyrir hönd hins ráðandi fyrirtækis eða undirfyrirtækis.

4. Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. telst fyrirtæki ekki vera „ráðandi fyrirtæki“ gagnvart öðru fyrirtæki sem það á eignarhlut í ef fyrra fyrirtækið er félag sem um getur í a- eða c-lið 5. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89 frá 21. desember 1989 um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja <sup>(1)</sup>.

5. Ráðandi aðstaða telst ekki fyrir hendi ef aðeins er um það að ræða að embættismaður sinnir störfum sínum samkvæmt lögum aðildarríkis við uppgjör, slit, gjaldþrot, greiðslustöðvun, nauðungarsamninga eða sambærilegar aðgerðir.

6. Beita skal lögum aðildarríkisins sem gilda um fyrirtæki til að skera úr um hvort það teljist „ráðandi fyrirtæki“.

Ef lögin sem gilda um fyrirtækið eru ekki lög aðildarríkis gilda lög þess aðildarríkis þar sem fulltrúi fyrirtækisins hefur aðsetur eða, ef slíkur fulltrúi er ekki fyrir hendi, aðalstjórn þess fyrirtækis fyrirtækjahópsins sem hefur flesta starfsmenn.

7. Ef lög stangast á við beitingu 2. mgr. og tvö eða fleiri fyrirtæki úr hópi fullnægja einni eða fleiri af þeim viðmiðunum sem mælt er fyrir um í málsgreininni, skal telja fyrirtæki sem fellur undir viðmiðun c-liðar ráðandi fyrirtæki með fyrirvara um sönnun þess að annað fyrirtæki geti haft yfirráð.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989, bls. 1.

## II. ÞÁTTUR

**UM STOFNUN EVRÓPSKS SAMSTARFSRÁÐS EÐA  
SAMÞYKKT REGNA UM UPPLÝSINGAMIÐLUN OG  
SAMRÁÐ VIÐ STARFSMENN**

**4. gr.**

**Ábyrgð á stofnun evrópsks samstarfsráðs eða samþykkt reglna um upplýsingamiðlun og samráð við starfsmenn**

1. Aðalstjórnin ber ábyrgð á að skapa nauðsynleg skilyrði fyrir stofnun evrópsks samstarfsráðs eða samþykkt reglna um upplýsingamiðlun og samráð, eins og kveðið er á um í 2. mgr. 1. gr., í fyrirtækjum og fyrirtækjahópi sem starfa á bandalagsvísu.

2. Ef aðalstjórn hefur ekki aðsetur í aðildarríki skal fulltrúi aðalstjórnar í aðildarríki, sem skal tilnefndur ef nauðsyn krefur, bera þá ábyrgð sem um getur í 1. mgr.

Ef slíkur fulltrúi er ekki fyrir hendi skal stjórn starfsstöðvar eða þess fyrirtækis fyrirtækjahópsins sem hefur flesta starfsmenn í einu aðildarríki bera þá ábyrgð sem um getur í 1. mgr.

3. Að því er þessa tilskipun varðar skal fulltrúi eða fulltrúar eða, ef þeir eru ekki fyrir hendi, sú stjórn sem um getur í annari undirgrein 2. mgr. teljast vera aðalstjórn.

**5. gr.****Sérstakt samningaráð**

1. Til þess að unnt sé að ná markmiðum 1. mgr. 1. gr. skal aðalstjórnin, að eigin frumkvæði eða fyrir skriflega beiðni minnst 100 starfsmanna eða fulltrúa þeirra í að minnsta kosti tveimur fyrirtækjum eða starfsstöðvum í minnst tveimur aðildarríkjum, hefja samningaviðræður um stofnun evrópsks samstarfsráðs eða samþykkt reglna um upplýsingamiðlun og samráð.

2. Skipa skal sérstakt samningaráð í þessu skyni í samræmi við eftirtaldir viðmiðunarreglur:

- a) Aðildarríkin skulu ákveða með hvaða hætti skal kjósa eða tilnefna þann fulltrúa í samningaráðið sem skal kjósa eða tilnefna á yfirráðasvæðum þeirra.

Aðildarríkin skulu tryggja að starfsmenn í fyrirtækjum og/eða starfsstöðvum þar sem starfsmenn hafa engan fulltrúa, og við þá er ekki að sakast, hafi rétt til að kjósa eða tilnefna fulltrúa í fyrrnefnt samningaráð.

Önnur undirgrein er með fyrirvara um landslög og/eða venju þar sem mælt er fyrir um takmarkanir vegna fulltrúaráða starfsmanna.

- b) Í samningaráðinu skulu vera minnst þrjú og mest 17 fulltrúar.

- c) Við kosningu eða tilnefningu skal tryggja:

- í fyrsta lagi, að einn fulltrúi sé fyrir hvert aðildarríki þar sem fyrirtæki á bandalagsvísu starfar með eina eða fleiri starfsstöðvar eða þar sem fyrirtækjahópur er starfar á bandalagsvísu hefur ráðandi fyrirtæki eða eitt eða fleiri undirfyrirtæki,

- í öðru lagi, að viðbótarfulltrúar séu í hlutfalli við fjölda starfsmanna í starfsstöðvum, ráðandi fyrirtæki eða undirfyrirtækjum eins og mælt er fyrir um í löggjöf aðildarríkisins þar sem aðalstjórnin hefur aðsetur.

- d) Veita skal aðalstjórninni og staðbundnum stjórnnum upplýsingar um skipan samningaráðsins.

3. Samningaráðið hefur það hlutverk að ákveða, ásamt aðalstjórninni, með skriflegu samkomulagi, gildissvið, skipan, hlutverk og skipunartíma evrópsks(ra) samstarfsráðs(-ráða) eða með hvaða hætti standa skuli að upplýsingamiðlun og samráði við starfsmenn.

4. Með það í huga að ná samkomulagi í samræmi við 6. gr. skal aðalstjórnin boða til fundar í samningaráðinu. Hún skal tilkynna staðbundnum stjórnnum um það.

Samningaráðið getur notið aðstoðar sérfræðinga að eigin vali meðan á samningaviðræðum stendur.

5. Samningaráðið getur ákveðið, með minnst tveimur þriðju hlutum atkvæða, að hefja ekki samningaviðræður í samræmi við 4. mgr. eða binda enda á samningaviðræður sem þegar eru hafnar.

Slík ákvörðun bindur enda á þá gerð samkomulags sem um getur í 6. gr. Þegar slík ákvörðun hefur verið tekin gilda ákvæði viðaukans ekki.

Kalla má samningaráðið saman að nýju í fyrsta lagi tveimur árum eftir að ofangreind ákvörðun er tekin nema hlutaðeigandi aðilar mæli fyrir um skemmri tíma.

6. Aðalstjórnin skal bera þann kostnað sem hlýst af samningaviðræðunum sem um getur í 3. og 4. mgr. þannig að samningaráðinu sé gert kleift að sinna verkefnum sínum með eðlilegum hætti.

Í samræmi við þessa reglu geta aðildarríkin mælt fyrir um reglur um fjárhagsáætlun fyrir samningaráðið. Þau geta t.d. takmarkað fjárframlög þannig að einungis sé leitað til eins sérfræðings.

**6. gr.****Efni samkomulagsins**

1. Samningaviðræður aðalstjórnar og samningaráðsins skulu fara fram í anda samvinnu með það í huga að ná samkomulagi um nákvæmar viðmiðunarreglur varðandi upplýsingamiðlun og samráð við starfsmenn sem kveðið er á um í 1. mgr. 1. gr.

2. Með fyrirvara um sjálfræði aðila skal í samkomulagi sem um getur í 1. mgr. milli aðalstjórnar og samningaráðsins ákveða:

- hvaða fyrirtæki úr fyrirtækjahópi er starfar á bandalagsvísu eða starfsstöðvar fyrirtækis er starfar á bandalagsvísu falla undir samkomulagið;
- hvernig evrópska samstarfsráðið er skipað, fjölda fulltrúa, úthlutun sæta og skipunartíma;
- hlutverk það sem evrópska samstarfsráðið gegnir og upplýsingamiðlun og samráð á þess vegum;
- hvar evrópska samstarfsráðið skal hittast, hversu oft og hve lengi;
- hvert fjármagn og aðbúnaður evrópska samstarfsráðsins skal vera;
- hver gildistími samkomulags skal vera og reglur um viðræður varðandi framlengingu þess.

3. Aðalstjórnin og samningaráðið geta tekið skriflega ákvörðun um að setja eina eða fleiri reglur um upplýsingamiðlun og samráð í stað þess að skipa evrópska samstarfsráðið.

Í samkomulaginu skulu fastsettar reglur um fundi fulltrúa starfsmanna þar sem fjallað er um þær upplýsingar sem þeim berast.

Þessar upplýsingar skulu einkum vera um málefni er varða fleiri lönd og hafa umtalsverð áhrif á hagsmuni starfsmanna.

4. Samkomulag samkvæmt 2. og 3. mgr. fellur ekki undir kröfur um dreifræði í viðaukanum, nema í því sé ákvæði um annað.

5. Samningaráðið skal afgreiða samkomulag samkvæmt 2. og 3. mgr. með meirihluta fulltrúa.

#### 7. gr.

##### Kröfur um dreifræði

1. Til þess að unnt sé að ná markmiði 1. mgr. 1. gr. skulu kröfur um dreifræði í löggjöf aðildarríkisins þar sem aðalstjórnin hefur aðsetur gilda:

- ef aðalstjórnin og samningaráðið ákveða það, eða
- ef aðalstjórnin neitar að hefja samningaviðræður innan sex mánaða frá því að beiðni samkvæmt 1. mgr. 5. gr. kemur fram, eða
- ef ekki hefur tekist að ganga frá samkomulagi þremur árum eftir dagsetningu beiðninnar, eins og mælt er fyrir um í 6. gr., og samningaráðið hefur ekki tekið ákvörðun sem kveðið er á um í 5. mgr. 5. gr.

2. Kröfur um dreifræði samkvæmt 1. mgr. sem hafa verið samþykktar í aðildarríkjunum verða að vera í samræmi við ákvæði viðaukans.

### III. ÞÁTTUR

#### ÝMIS ÁKVÆÐI

##### 8. gr.

##### Trúnaðarupplýsingar

1. Aðildarríkin skulu kveða á um að fulltrúum í sérstökum samningaráðum eða evrópskum samstarfsráðum og sérfræðingum sem eru þeim til aðstoðar sé óheimilt að láta í té upplýsingar sem þeim hafa verið veittar í trúnaði.

Hið sama gildir um fulltrúa starfsmanna sem starfa samkvæmt reglum um upplýsingamiðlun og samráð.

Þessi kvöð fylgir þeim einstaklingum sem um getur í fyrstu og annarri undirgrein hvar sem þeir eru og einnig eftir að skipunartími þeirra er á enda.

2. Hvert aðildarríki um sig skal kveða á um, í sérstökum tilvikum og með þeim skilyrðum og takmörkunum sem mælt er fyrir um í landslögum, að aðalstjórnin, sem hefur aðsetur á yfirráðasvæði þess, sé ekki skuldbundin til að veita upplýsingar ef þær eru þess eðlis, samkvæmt hlutlægu mati, að það geti haft skaðleg áhrif á starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja eða verið þeim skaðlegar.

Aðildarríki getur gert það að skilyrði fyrir slíkri undanþágu að fyrst liggja fyrir til þess stjórnsýslulegar eða réttarfarlegar heimildir.

3. Hvert aðildarríki um sig getur sett sérstök ákvæði varðandi aðalstjórnir fyrirtækja með aðsetur á yfirráðasvæðum þeirra, sem vilja með beinum hætti veita hugmyndafræðilega leiðsögn að því er varðar upplýsingar og framsetningu álitu, með því skilyrði að þau hafi verið samþykkt og tekin upp í landslög áður en þessi tilskipun verður samþykkt.

##### 9. gr

##### Starf evrópsks samstarfsráðs og reglur um upplýsingamiðlun og samráð við starfsmenn

Aðalstjórnin og evrópska samstarfsráðið skulu starfa í anda samvinnu með tilhlýðilegu tilliti til gagnkvæmra réttinda og skuldbindinga.

Hið sama gildir um samvinnu milli aðalstjórnar og fulltrúa starfsmanna er starfa samkvæmt reglum um upplýsingamiðlun og samráð við starfsmenn.

##### 10. gr.

##### Verndun fulltrúa starfsmanna

Fulltrúar í samningaráðinu, fulltrúar í evrópska samstarfsráðinu og fulltrúar starfsmanna er starfa samkvæmt reglum sem um

getur í 3. mgr. 6. gr. skulu við störf sín njóta sömu verndar og trygginga og kveðið er á um fyrir fulltrúa starfsmanna í gildandi landslögum og/eða venjum í starfslandi þeirra.

Þetta á einkum við um fundarsetu í sérstökum samningaráðum eða evrópskum samstarfsráðum eða aðra fundi er falla undir samkomulag sem um getur í 3. mgr. 6. gr. og greiðslu launa til fulltrúa, sem starfa hjá fyrirtæki er starfar á bandalagsvísu eða fyrirtækjahópi er starfar á bandalagsvísu, fyrir nauðsynlega fjarveru vegna skyldustarfa þeirra.

#### 11. gr.

##### Ákvæði tilskipunarinnar uppfyllt

1. Hvert aðildarríki um sig skal tryggja að stjórn starfsstöðva fyrirtækis er starfar á bandalagsvísu og stjórn fyrirtækja sem eru hluti af fyrirtækjahópi er starfar á bandalagsvísu með aðsetur á yfirlýðingum þeirra og fulltrúa starfsmanna þeirra eða, eftir því sem við á, starfsmenn uppfylli þær skuldbindingar sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, óháð því hvort aðalstjórnin hefur aðsetur á yfirlýðingum þeirra.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að fyrirtækin veiti upplýsingar um fjölda starfsmanna sem um getur í a- og c-lið 1. mgr. 2. gr. að beiðni hlutaðeigandi aðila sem þessi tilskipun varðar.

3. Aðildarríkin skulu kveða á um viðeigandi ráðstafanir ef ekki er farið að þessari tilskipun; einkum skulu þau tryggja stjórnarfarslega og réttarfarslega málsmeðferð svo að unnt sé að standa við þær skuldbindingar sem af þessari tilskipun leiðir.

4. Ef aðildarríkin beita 8. gr. skulu þau setja ákvæði um áfrýjun til stjórnvalda og dómstóla fyrir fulltrúa starfsmanna þegar aðalstjórnin krefst trúnaðar eða veitir ekki upplýsingar í samræmi við þá grein.

Slíkar reglur geta falið í sér reglur um trúnað vegna þeirra upplýsinga sem um ræðir.

#### 12. gr.

##### Tengsl þessarar tilskipunar og annarra ákvæða

1. Þessi tilskipun gildir með fyrirvara um ráðstafanir sem gerðar eru samkvæmt tilskipun ráðsins 75/129/EBE frá 17. febrúar 1975 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um hópuppsagnir <sup>(1)</sup>, og tilskipun ráðsins 77/187/EBE frá 14. febrúar 1977 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um vernd launþega við eigendaskipti að fyrirtækjum, atvinnurekstri eða hluta atvinnurekstrar <sup>(2)</sup>.

2. Þessi tilskipun skal vera með fyrirvara um rétt starfsmanna til upplýsinga og samráðs samkvæmt landslögum.

#### 13. gr.

##### Gildandi samningar

1. Með fyrirvara um ákvæði 2. mgr. eiga skuldbindingar sem hljóta af þessari tilskipun ekki við um fyrirtæki er starfa á bandalagsvísu eða fyrirtækjahópa er starfa á bandalagsvísu þar sem fyrir hendi er, þann dag sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 14. gr. um framkvæmd þessarar tilskipunar eða þann dag sem hún verður lögfest í viðkomandi aðildarríki verði það fyrir framangreindan dag, samkomulag sem nær til alls vinnuafllsins um upplýsingamiðlun og samráð við starfsmenn fleiri landa.

2. Þegar samkomulag sem um getur í 1. mgr. fellur úr gildi geta aðilar að samkomulaginu ákveðið sameiginlega að endurnýja það.

Ef það gerist ekki skulu ákvæði þessarar tilskipunar gilda.

#### 14. gr.

##### Lokaákvæði

1. Aðildarríkin skulu samþykka nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 22. september 1996 eða tryggja eigi síðar en þann dag að vinnuveitendur og launþegar samþykki nauðsynleg ákvæði með samkomulagi sínu í milli og eru aðildarríkin þá skuldbundin til að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að gera þeim ætíð kleift að tryggja þann árangur sem náðst hefur með þessari tilskipun. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

2. Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

#### 15. gr.

##### Endurskoðun framkvæmdastjórnar

Eigi síðar en 22. september 1999 skal framkvæmdastjórnin í samráði við aðildarríkin og vinnuveitendur og launþega í Evrópu endurskoða framkvæmdaákvæði þessarar tilskipunar, einkum til að rannsaka hvort takmörk varðandi fjölda starfsmanna séu við hæfi með það í huga að leggja til viðeigandi breytingar við ráðið, ef nauðsyn krefur.

#### 16. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 22. september 1994.

Fyrir hönd ráðsins,

*N. BLÜM*

forseti.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 48, 22. 2. 1975, bls. 29. Reglugerðinni var síðast breytt með tilskipun 92/56/EBE (Stjtið. EB nr. L 245, 26. 8. 1992, bls. 3).

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 61, 5. 3. 1977, bls. 26.

# VIÐAUKI

## KRÖFUR UM DREIFRÆÐI

### sem um getur í 7. gr. tilskipunarinnar

1. Til þess að ná markmiði 1. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar og í þeim tilvikum sem kveðið er á um í 1. mgr. 7. gr. tilskipunarinnar skulu eftirfarandi reglur gilda um stofnun, skipan og valdsvið evrópska samstarfsráðsins:

- a) Valdsvið evrópska samstarfsráðsins skal takmarkast við upplýsingamiðlun og samráð um málefni er snerta fyrirtæki er starfar á bandalagsvísu, eða fyrirtækjahóp er starfar á bandalagsvísu sem ein heild eða minnst tvær starfsstöðvar eða fyrirtæki hans sem hafa aðsetur í mismunandi aðildarríkjum.

Að því er varðar fyrirtæki eða fyrirtækjahópa sem um getur í 2. mgr. 4. gr. skal valdsvið evrópska samstarfsráðsins takmarkast við þau málefni er snerta allar starfsstöðvar þeirra eða fyrirtæki sem hafa aðsetur í aðildarríkjunum eða snerta minnst tvær starfsstöðvar þeirra eða tvö fyrirtæki með aðsetur í mismunandi aðildarríkjum.

- b) Evrópska samstarfsráðið skal skipað starfsmönnum fyrirtækis sem starfar á bandalagsvísu eða fyrirtækjahóps er starfar á bandalagsvísu, sem fulltrúar starfsmanna eða, ef þeir er ekki til staðar, allir starfsmenn kjósa eða tilnefna úr hópi starfsmanna.

Kosning eða tilnefning fulltrúa í evrópska samstarfsráðið skal fara fram í samræmi við landslög og/eða venju.

- c) Í evrópska samstarfsráðinu skulu vera minnst þrjú fulltrúar og mest 30.

Ef stærð ráðsins gefur tilefni til slíks skal kjósa í undirnefnd úr hópi fulltrúa sem í eru mest þrjú nefndarmenn.

Ráðið setur sér starfsreglur.

- d) Tryggja verður við kosningu eða tilnefningu fulltrúa í evrópska samstarfsráðið:

- í fyrsta lagi, að einn meðlimur sé fulltrúi fyrir hvert aðildarríki þar sem fyrirtæki er starfar á bandalagsvísu á eina eða fleiri starfsstöðvar eða fyrirtækjahópur er starfar á bandalagsvísu hefur ráðandi fyrirtæki eða eitt eða fleiri undirfyrirtæki,
- í öðru lagi, að viðbótarfulltrúar séu í hlutfalli við fjölda starfsmanna í starfsstöðinni, ráðandi fyrirtæki eða undirfyrirtækjum, eins og mælt er fyrir um í löggjöf aðildarríkisins þar sem aðalstjórnin hefur aðsetur.

- e) Aðalstjórn eða stjórnendur á öðru stjórnunarstigi sem á betur við skulu fá upplýsingar um skipan evrópska samstarfsráðsins.

- f) Fjórum árum eftir að evrópska samstarfsráðið hefur verið stofnað skal það kanna hvort hefja eigi viðræður um gerð samkomulags sem um getur í 6. gr. tilskipunarinnar eða viðhalda kröfum um dreifræði sem samþykktar eru í samræmi við þennan viðauka.

Ákvæði 6. og 7. gr. skulu gilda að breyttu breytanda hafi ákvörðun verið tekin um viðræður varðandi samkomulag í samræmi við 6. gr. tilskipunarinnar, þar sem „evrópskt samstarfsráð“ komi í stað „sérstaka samningaráðsins“.

2. Evrópska samstarfsráðið hefur rétt til að hitta aðalstjórnina einu sinni á ári til upplýsingar og samráðs á grundvelli skýrslu sem aðalstjórnin tekur saman um rekstur fyrirtækja er starfa á bandalagsvísu eða fyrirtækjahóps er starfar á bandalagsvísu og rekstrarhorfur. Staðbundnar stjórnir skulu jafnframt fá upplýsingar.

Fundurinn skal einkum fjalla um skipulag, efnahagslega og fjárhagslega stöðu, líklega þróun rekstursins og framleiðslu og sölu, ástand og horfur í atvinnumálum, fjárfestingar og umtalsverðar breytingar er varða skipulag, innleiðingu nýrra vinnuhátta eða framleiðsluáferða, flutning framleiðslu, samruna, niðurskurð eða lokun fyrirtækja, starfsstöðva eða annarra mikilvægra hluta þeirra og hópuppsagnir.

3. Ef fyrir hendi eru sérstakar aðstæður sem hafa umtalsverð áhrif á hagsmuni starfsmanna einkum flutningur, lokun starfsstöðva eða fyrirtækja eða hópuppsagnir, skal undirnefndin eða, ef hún er ekki fyrir hendi, evrópska samstarfsráðið eiga rétt á upplýsingum. Hún hefur rétt til að hitta að eigin ósk aðalstjórn, eða stjórnendur á öðru stjórnunarstigi sem á betur við, fyrirtækis er starfar á bandalagsvísu eða fyrirtækjahóps með eigin ákvörðunarrétt til þess að fá upplýsingar og hafa samráð um mikilvægar ráðstafanir sem hafa umtalsverð áhrif á hagsmuni starfsmanna.

Þeir fulltrúar í evrópska samstarfsráðinu sem hafa verið kjörnir eða tilnefndir af starfsstöðvum og/ eða fyrirtækjum og viðkomandi ráðstafanir hafa bein áhrif á skulu einnig eiga rétt á að taka þátt í fundum sem ráðgerðir eru með undirnefndinni.

Þessi upplýsinga- og samráðsfundur skal haldinn eins fljótt og unnt er á grundvelli skýrslu sem aðalstjórn, eða stjórnendur á öðru stjórnunarstigi sem á betur við, í fyrirtæki eða fyrirtækjahópi er starfar á bandalagsvísu semur; heimilt er að leggja fram álit á skýrslunni í fundarlok eða innan hæfilegs tímafrests.

Þessi fundur hefur ekki áhrif á heimildir aðalstjórnar.

4. Aðildarríkjunum er heimilt að mæla fyrir um reglur um forsæti á fundum sem varða upplýsingamiðlun og samráð.

Áður en fundur er haldinn með aðalstjórninni eiga evrópska samstarfsráðið eða undirnefndin, sem er stækkuð ef nauðsyn krefur í samræmi við aðra málsgrein 3. liðar, rétt á að funda án þess að hlutaðeigandi stjórn sé viðstödd.

5. Með fyrirvara um 8. gr. tilskipunarinnar skulu fulltrúar í evrópska samstarfsráðinu veita fulltrúum starfsmanna í starfsstöðvum eða fyrirtækjum í fyrirtækjahópi er starfar á bandalagsvísu eða, ef þeir eru ekki fyrir hendi, öllum starfsmönnum vitneskju um efni og innihald upplýsinga og samráðs sem fram fer í samræmi við þennan viðauka.
6. Evrópska samstarfsráðið eða undirnefndin geta leitað aðstoðar sérfræðinga að eigin vali sé slíkt nauðsynlegt vegna starfa þeirra.
7. Aðalstjórnin greiðir rekstarkostnað evrópska samstarfsráðsins.

Hlutaðeigandi aðalstjórn skal útvega fulltrúum evrópska samstarfsráðsins það fjármagn og þá aðstöðu sem þeim er nauðsynleg til að sinna skyldum sínum.

Einkum skal aðalstjórn greiða kostnað vegna skipulags funda og aðstöðu vegna túlkunar og gisti- og ferðakostnað fulltrúa evrópska samstarfsráðsins og undirnefndar hennar, nema samið sé um annað.

Í samræmi við þessar meginreglur geta aðildarríkin samþykkt reglur um fjárhagsáætlun vegna starfsemi evrópska samstarfsráðsins. Þau geta t.d. ákveðið að gera aðeins ráð fyrir greiðslu til eins sérfræðings.